

Nd.

410. Tillögur

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1914—1915.

Frá fjárhagsnefnd.

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið:

1. Að sjá um, að landsreikningurinn fyrir ár hvert verði framvegis tilbúinn ekki síðar en í lok nóvembermánaðar næst á eftir.
2. Að hraða hinni umboðslegu endurskoðun eftir föngum.
3. Að sjá um að allir reikningshaldarar landssjóðs geri í tæka tíð reikningskil fyrir því fje, sem þeir innheimta eða hafa undir höndum.
4. Að frímerkjabirgðir stjórnarráðsins og póstmeystara verði talðar við hver áramót, og skýrsla um þær látin fylgja landsreikningnum til yfirskoðunarmanna. Í skýrslu þessari sje hver tegund frímerkja tilgreind sjerstaklega.
5. Að sjá um, að reikningar landssjóðsverslunarinnar verði gerðir upp nákvæmlega frá byrjun, og þeir síðan, að lokinni umboðslegri endurskoðun, afhentir yfirskoðunarmönnum Alþingis til athugunar, og láti þeir síðan athugasemdir sínar með svörum og tillögum fylgja landsreikningunum.